



Reykjavíkurborg

Umhverfis- og skipulagssvið

Borgarstjórn

Helga Björk Laxdal

Ráðhúsi Reykjavíkur

101 Reykjavík

Reykjavík 08.09.2021

Hér með sendist útskrift úr gerðabók umhverfis- og heilbrigðisráðs frá 3. september 2021 varðandi eftirfarandi mál.

Drög að nýrri samþykkt um hundahald í Reykjavík

Lögð fram bréf dags. 31. ágúst 2021 um nýja samþykkt um hundahald í Reykjavík ásamt drögum að nýrri samþykkt um hundahald í Reykjavík sem koma í stað núgildandi samþykktar um hundahald nr. 478/2012.

Fulltrúar Vinstri grænna, Samfylkingarinnar, Pírata, Sjálfstæðisflokksins og Miðflokksins samþykkja að leggja meðfylgjandi drög að nýrri samþykkt um hundahald í Reykjavík fyrir borgarstjórn, sbr. 2. mgr. 59. gr. laga nr. 7/1998. Fulltrúi Samtaka atvinnulífsins situr hjá við afgreiðslu.

Björgvin Rafn Sigurðarson lögfræðingur og Þorkell Heiðarsson verkefnastjóri Dýraþjónustu Reykjavíkur taka sæti á fundinum undir þessum lið.

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs

Glóey Helgudóttir Finnsdóttir

Fylgigögn: Bréf Umhverfis- og skipulagssviðs dags. 31. ágúst 2021 og drög að nýrri samþykkt um hundahald í Reykjavík, ódags.



Umhverfis- og heilbrigðisráð

Reykjavík, 31. ágúst 2021

Efni: Drög að samþykkt um hundahald í Reykjavík

Meðfylgjandi eru drög að nýrri samþykkt um hundahald í Reykjavík sem koma í stað núgildandi samþykktar um hundahald nr. 478/2012.

Helstu nýmæli í samþykktinni eru eftirfarandi:

- Fallið er frá leyfisveitingu og þess í stað er tekin upp skráningarskylda. Verði drögin samþykkt verður það á ábyrgð umráðamanns að skrá hund með rafrænum hætti á island.is
- Umráðamaður staðfestir við skráningu að hundahald sé í samræmi við lög um fjöleignarhús og gerir samþykktin ráð fyrir því að komi upp ágreiningur um hundahald innan fjölbýlis leysi íbúar úr ágreiningi á grundvelli laga um fjöleignarhús nr. 26/1994.
- Með samþykktinni er hlutverk Dýraþjónustu Reykjavíkur(DÝR) skilgreint, ábyrgð hennar og verksvið, sem og samspil DÝR við Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur.
- Uppsetningu samþykktarinnar hefur verið breytt og tilvísanir uppfærðar. Lögð er áhersla á að samþykktin endurspegli gildandi lög og reglur um dýrahald. Jafnframt leggur samþykktin áherslu á meginreglur sem gilda um hundahald og skyldur eiganda gagnvart dýrinu, sem og samborgurum.

Í skýrslu stýrihóps um þjónustu við dýr í borginni frá október 2020 var lagt til að núverandi fyrirkomulagi stjórnsýslu vegna hunda í Reykjavík yrði breytt og komið yrði á sérstakri dýraþjónustu í Reykjavík (DÝR). Hjá Dýraþjónustu Reykjavíkur (DÝR) yrði málefnum tengdum dýrum og dýrahaldi í borgarlandinu komið fyrir á einum stað í þeim tilgangi að tryggja nauðsynlega þjónustu, fræðslu og yfirsýn yfir þennan málaflokk.

Samráð um nýja samþykkt hefur átt sér stað við helstu hagsmunaaðila sem láta sig hundahald í Reykjavík varða. Drögin fóru til umsagnar hjá Félagi ábyrggra hundaeigenda, Hundaræktarfélagi Íslands og Dýrahjálpi Íslands og var fundað sérstaklega með hverjum aðila um þau. Gerðar voru all margar breytingar á fyrstu drögum samþykktarinnar í samræmi við ábendingar þessara aðila.

Heimild til setningar samþykktar um hundahald er í 1. mgr. 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Samþykktardrögin eru lögð fyrir heilbrigðisnefnd, Reykjavíkur í samræmi við 2. mgr. 59. gr. laga nr. 7/1998, sem leggur þau fyrir borgarstjórn til samþykktar til ráðherra. Einnig munu samþykktardrögin verða kynnt fyrir Menningar, íþrótt- og tómstundaráði. Þyki ástæða til óskar ráðherra umsagnar Umhverfisstofnunnar um þau



Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

nýmæli sem kunna að vera í samþykkt áður en þau verða endanlega afgreidd og birt í Stjórnartíðindum.

Samþykktin tekur gildi við birtingu í B-deild Stjórnartíðinda sbr. 4. mgr. 59. gr. 1. nr. 7/1998.



Björgvin Rafn Sigurðarson, skrifstofa sviðstjóra USK

Afrit: Menningar, íþróttá- og tómstundaráð Reykjavíkur



Samþykkt

um hundahald í Reykjavík

I. KAFLI

Meginreglur, skyldur umráðamanns og orðskýringar.

1. gr.

Orðskýringar

Í samþykkt þessari er merking eftirfarandi orða og orðasambanda sem hér segir:

Ábyrgðartrygging: ábyrgðartrygging vegna þess tjóns sem hundur veldur 3ja aðila.

Ábyrgðartrygging skal ná til alls tjóns sem hundur kann að valda fólki, dýrum, gróðri og munum í eigum annarra en umráðamanns hundsins sjálfs.

Umráðamaður: umráðamaður eða eigandi sem er ábyrgur fyrir umsjá hunds, sem er skráður til heimilis á lögheimili viðkomandi.

Dýramiðlun: Starfsemi hvort sem er í sjálfbodavinnu eða í atvinnuskyni sem tekur við og miðlar heimilislausum dýrum í vistun eða heimili.

Þjónustuhundur: hundur sem nýttur er til atvinnustarfsemi svo sem við landbúnað, sérþjálfaðir leiðsögu- og hjálparhundar, björgunarhundar og löggæsluhundar.

2. gr.

Meginreglur og skyldur umráðamanns

Heimilt er að halda hunda í Reykjavík að því gefnu að umráðamaður sé lögráða, hundurinn sé skráður í hundaskrá borgarinnar og að uppfyllt séu þau skilyrði sem sett eru í samþykkt þessari, sem og í lögum og reglugerðum sem gilda um dýrahald.

Umráðamanni ber að tryggja góða meðferð, aðbúnað og umönnun hunds í samræmi við tegund, aldur og eiginleika dýrsins, sjá nánar 18. gr. reglugerðar 80/2016 um velferð gæludýra.

Umráðamaður skal tryggja eftir fremsta megni að hundur sleppi ekki úr umsjá hans. Strax og umráðamaður verður þess var að hundur hafi sloppið skal hann gera ráðstafanir til að finna hundinn og handsama.

Umráðamaður skal gæta þess vel, að hundur hans valdi ekki hættu, óþægindum eða óþrifnaði, né raski ró fólks og dýra og skal hann ávallt þrifa upp skít eftir sinn hund.

Umráðamaður skal gæta þess að fara ekki með hund í aðstæður, s.s. fjölmennar samkomur, hávaða eða aðrar þær aðstæður sem líklegt er að ógni ró hundsins eða valdi honum vanlíðan.

Umráðamanni er skylt að hafa gilda ábyrgðartryggingu vegna hundsins. Dýraþjónusta Reykjavíkur (DÝR) gerir heildarsamning við tryggingarfélag eða félög um slíka tryggingu sem tekur til allra réttilega skráðra hunda í Reykjavík. Iðgjald skal innifalið í skráningargjaldi og árlegu gjaldi, sbr. 13. gr.

3. gr.

Dýraþjónusta Reykjavíkur(DÝR)

Dýraþjónusta Reykjavíkur (DÝR) annast utanumhald og umsýslu vegna skráningar hunda í samræmi við samþykkt þessa. DÝR sér einnig um fræðslu og upplýsingagjöf til eigenda dýra og almennings, þ.m.t. um dýrahald í þéttbýli og þær reglur sem um það gilda hverju sinni.

DÝR sér um föngun og vistun hunda í óskilum, móttöku dýra í hremmingum, samskipti við aðrar stofnanir innan sem utan borgarinnar, dýraeigendur og hvers kyns hagsmuna- og félagasamtök eftir því sem við á. Þá sér DÝR til þess, ásamt öðrum til þess bærum aðilum að samþykkt þessari sé framfylgt.

DÝR er heimilt að semja við þriðja aðila um föngun, móttöku, vistun og ráðstöfun hunds í óskilum.

Starfstöð DÝR er í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum.

II. KAFLI

Skráningarskylda, umsjón og eftirlit

4.gr.

Skráningarskylda

Umráðamaður skal innan tveggja mánaða frá því að hann fær hund til umráða skrá hann hjá DÝR á www.island.is. Skráning tekur einungis til eins ákveðins hunds og gildir á meðan hann lifir. Skráning hunds er bundin við lögráða umráðamann og lögheimili hans. Skráning hunds er ekki framseljanleg. Eftirfarandi upplýsingar skulu liggja fyrir við skráningu:

- Nafn hunds, aldur, kyn, tegund, litur og önnur einkenni hundsins.
- Nafn, kennitala og lögheimili umráðamanns og annað það sem skráningarform tekur til.
- Örmerkjanúmer hunds sbr. alþjóðlega ISO staðla.

Þá þarf umráðamaður að staðfesta við umsókn að hann uppfylli öll skilyrði fyrir hundahaldi samkvæmt samþykkt þessari, þ.m.t. að ákvæði 5. gr. samþykktarinnar séu uppfyllt, ef um fjöleignahús er að ræða.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er heimilt að halda hvolpa, sem vistaðir eru á skráningarstað móður, án skráningar þar til þeir verða 16 vikna.

Umráðamanni ber að tilkynna DÝR um aðsetursskipti (dyr@reykjavik.is) og skal það gert eins fljótt og kostur er og eigi síðar en tveimur mánuðum frá breytingum.

Fyrrum umráðamaður skal afskrá hund á www.island.is ef hundurinn fær nýjan umráðamann. Flytji hundur úr sveitarfélaginu eða drepst skal umráðamaður afskrá hann.

Hundar í umsjá dýramiðlunar sem samþykkt er af DÝR eru undanþegnir skráningar- og eftirlitsgjöldum á meðan unnið er að heimilisleit fyrir þá.

Birta skal lista á vefsíðu Reykjavíkurborgar þar sem kemur fram heimilisfang þar sem hundur er haldinn.

Greiða skal skráningargjald skv. 14. gr. samkvæmt gildandi gjaldskrá.

5. gr.

Hundahald í fjöleignahúsum

Um hundahald í fjöleignahúsum fer samkvæmt lögum um fjöleignahús nr. 26/1994. Áður en hundur sem stendur til að halda í fjöleignahúsi er skráður ber umráðamanni að tryggja að hundahaldið sé í samræmi við ákvæði þeirra laga og reglur viðkomandi húsfélags.

6. gr.

Hundar ekki skráðir í Reykjavík

Hundar, sem ekki eru skráðir í Reykjavík, mega dvelja í sveitarfélaginu án skráningar þar, en þó ekki lengur en fjóra mánuði á almanaksári. Ef fyrir liggur að hundur muni dveljast lengur en fjóra mánuði innan lögsagnarumdæmis Reykjavíkurborgar, þá skal hundur skráður hjá Dýraþjónustu Reykjavíkur sbr. 4. gr.

Um skammtímaheimsóknir hunda í hús gildir ákvörðun eigenda einbýlis- og fjöleignarhúsa hverju sinni og/eða reglur viðkomandi húsfélags auk laga um fjöleignarhús nr. 26/1994.

7. gr.

Hundar á lögbýlum og þjónustuhundar.

Hunda á lögbýlum skal skrá og skal umráðamaður þeirra greiða skráningargjald fyrir hvern hund en þeir eru undanþegnir árlegu eftirlitsgjaldi fyrir allt að tvo hunda. Hundar á lögbýlum mega vera lausir á landi þeirra. Að öðru leyti gilda önnur ákvæði samþykktarinnar um hunda á lögbýlum.

Skrá skal þjónustuhunda s.s. sérþjálfaða leiðsögu- og hjálparhunda, björgunarhunda og löggæsluhunda. Af þeim er greitt skráningargjald en þeir eru undanþegnir árlegu eftirlitsgjaldi.

8. gr.

Hundar í óskilum og hættulegir hundar

Hafi hundur sloppið frá umráðamanni og hann ekki náð hundinum eða hundur finnst og umráðamaður er ókunnur ber DÝR ábyrgð á að taka við dýrinu og vista. Sé hundur merktur, skal umráðamanni tilkynnt um handsömunina svo fljótt sem auðið er.

Ef umráðamaður vitjar ekki hunds innan viku frá því að honum var tilkynnt um handsömun hans eða ef umráðamaður finnst ekki innan tveggja vikna er DÝR heimilt að ráðstafa hundinum til nýs umráðamanns, dýramiðlunar eða selja hann fyrir áföllnum kostnaði í samræmi við 24. gr laga um dýravelferð. Séu önnur úrræði fullreynd er DÝR heimilt að láta aflífa hundinn.

Hafi óskráður hundur verið handsamaður, skal hann skráður sbr.4 gr. og afhentur umráðamanni að því loknu eins fljótt og auðið er. Heimilt er að taka tillit til þess í gjaldskrá hvort handsamaður hundur sé skráður í Reykjavík sbr. 4. gr. eða öðru sveitarfélagi. Um áfallinn kostnað vegna handsömunar og/eða vistunar vísast til gjaldskrár hverju sinni

Hafi DÝR ástæðu til að ætla að hundur sé hættulegur, eða hundur valdið líkamstjóni s.s. með biti, getur DÝR gert kröfu um að umráðamaður hunds láti hundinn undirgangast skapgerðamat. Matið skal framkvæmt af sérfróðum aðila s.s. dýralækni eða öðrum aðila sem DÝR telur til þess bæran. Heimilt er að leita yfirmats ef eftir því er óskað. Allur kostnaður af matinu skal greiddur af umráðamanni.

Leiði skapgerðarmat í ljós að hundur telst hættulegur, getur DÝR gert kröfu til þess að hundur verði aflífaður.

Verði umráðamaður ekki við kröfum sem DÝR gerir skv. þessari grein, getur Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur (HER) ákveðið að hundur undirgangist skapgerðamat og/eða verði aflífaður.

Bannað er að árásarþjálfra hunda nema í löggæsluskyni.

III. KAFLI

Lausaganga, taumskylda og óheimilir staðir

10. gr.

Taumskylda og sérstakar takmarkanir

Taumskylda er í öllu borgarlandinu nema annað sé tekið fram og skal virða hana.

Heimilt er að vera með hunda í taumi á göngustígum borgarinnar, í almenningsgördum, í Heiðmörk, nema á brunnsvæðum, á hesthúsasvæðum í Víðidal og á Víðivöllum og ávallt í fylgd umráðamanns eða einstaklings sem ætla má að hafi vald á hundinum.

Óheimilt er að fara með hunda á útivistarsvæðin utan göngustíga í Heiðmörk og Öskjuhlíð á varptíma fugla (1. maí-15. ágúst), í hólmana í Elliðaárdal, bakka Elliðaánna um laxveiðitíma við merкта veiðistaði (1. júní-15. október) og í Nauthólsvík.

Óheimilt er að láta hunda vera lausa innan marka þéttbýlis, nema þjónustuhunda, þegar þeir eru að störfum í gæslu umráðamanns.

Sé hundur tjóðraður skal hann vera undir eftirliti umráðamanns eða einstaklings sem ætla má að hafi vald á hundinum. Þegar hundur er tjóðraður á lóð, skal taumurinn ekki vera lengri en svo að að komast megi óhindrað framhjá hundi að aðaldirum húss. Hundur skal ekki vera tjóðraður nema í skamman tíma í senn.

11. gr.

Lausagöngustaðir

Heimilt er að sleppa hundum lausum á eftirtöldum stöðum og svæðum sem skulu nánar skilgreind á korti útgefnu af DÝR:

1. Geirsnefi.
2. Geldinganesi.
3. Á Austurheiðum norðan Rauðavatns.
4. Innan hundaheldra girðinga (t.d. sérstök hundagerði), hundaæfingasvæða og annarra svæða sem kunna að verða skilgreind sem lausagöngusvæði af borgaryfirvöldum.
5. Á auðum svæðum s.s. útmörk utan skipulagðrar íbúðarbyggðar, utan akvega, reiðstíga og skipulagðra göngustíga.

DÝR í samráði við HER getur heimilað lausagöngu hunda utan þessara svæða tímabundið, t.d. í tengslum við sérstaka viðburði eða verkefni.

Lausaganga skal alltaf vera undir umsjá umráðamanns eða einstaklings sem ætla má að hafi vald á hundinum.

12. gr.

Óheimilir staðir

Ekki má hleypha hundum inn í húsrými, s.s. skóla, leikvelli, íþróttavelli eða þá staði, sem um getur í 1. mgr. 19. gr., sbr. fylgiskjal 3 í reglugerð um hollustuhætti nr. 941/2002. Heimilt er þó að fara með hunda inn í íþróttamannvirki, heilbrigðisstofnanir eða snyrtistofur þegar og þar sem starfsemin er sérstaklega ætluð dýrum. Einnig eru hundar heimilaðir í Strætó og á þeim veitingastöðum sem við á sbr. ákvæði sömu greinar.

Óheimilt að hleypha hundum inn í húsnæði matvælafyrirtækja, sbr. reglugerð nr. 103/2010 um gildistöku reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004 um hollustuhætti sem varða matvæli, og reglugerð nr. 405/2004 um náttúrulegt ölkelduvatn og átappað lindarvatn.

Víkja má frá fyrirmælum samþykktar þessarar sem banna eða takmarka umferð og dvöl hunda um tiltekna staði þegar um er að ræða þjónustuhunda.

Heilbrigðisnefnd getur skv. 1. mgr. 19. gr. reglugerðar nr. 941/2002 um hollustuhætti, veitt undanþágu frá framangreindum ákvæðum í sérstökum tilvikum, þó ekki frá ákvæðum sem er að finna í reglugerðum og lögum.

13. gr.
Bannaðar hundategundir.

Óheimilt er að halda hund í Reykjavík af tegund sem Matvælastofnun hefur bannað.

IV. KAFLI

Gjaldtaka

14.gr

Fyrir skráningu hunds skal umráðamaður greiða gjöld sem renna til borgarsjóð, annars vegar skráningargjald og hins vegar árlegt hundagjald. Gjöldum þessum er ætlað að standa undir kostnaði Reykjavíkurborgar og DÝR af hundahaldi og framkvæmd samþykktar þessarar. Borgarstjórn setur gjaldskrá samkvæmt ákvæðum 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Skráningargjald greiðist við skráningu hunds og árlegt hundagjald síðan 1. mars með eindaga 1. maí ár hvert.

V. KAFLI

Stjórnsýsla, kærueimildir, refsiviðurlög og lagatilvísanir

15.gr.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

DÝR fer með almenna þjónustu við hundaeigendur og almenning í Reykjavík og ber ábyrgð á þeim verkefnum sem því eru falin skv. þessari samþykkt.

HER fer með málefni heilbrigðisnefndar Reykjavíkur skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir sbr. 3. mgr. 37. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, sbr. einnig viðauka 2.2 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar, viðauki um embættisafgreiðslur framkvæmdastjóra Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur. HER fer með stjórnsýsluleg málefni hunda og hundahalds innan lögsagnarumdæmis Reykjavíkur sbr. framangreind lög og reglur og framfylgir þeim skv. umboði frá heilbrigðisnefnd Reykjavíkur.

Stjórnvaldsákvæðanir sem HER tekur á grundvelli þessarar samþykktar, laga og reglna um gæludýrahald eru kærnanlegar til Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála sbr. 65. gr. 1. nr. 7/1998.

16. gr.

Ógilding skráningar vegna brota.

Ef umráðamaður brýtur gegn lögum um dýravernd, samþykkt þessari eða öðrum reglum, sem um dýrahald gilda, getur HER krafist ógildingar skráningar og bannað honum að vera með hund í lögsagnarumdæmi Reykjavíkurborgar.

17. gr.

Aðstoð lögreglu

DÝR og/eða HER getur, ef þörf krefur, leitað atbeina lögreglu við að framfylgja samþykkt þessari og ákvörðunum teknum á grundvelli hennar. DÝR og HER geta sett nánari reglur um framkvæmd samþykktar þessarar.

DÝR og HER ber að leitast eftir samstarfi við Lögreglu um framkvæmd samþykktar þessar, eftir því sem við á.

18. gr.

Refsiviðurlög

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum hvort sem þau eru framin af ásetningi eða stórfelldu gáleysi sbr. 71. gr. 1. nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir sbr. einnig 45. gr. laga nr. 55/2013 um velferð dýra. Sé um að ræða stórfellt eða ítrekað ásetningsbrot skulu þau að auki varða fangelsi allt að fjórum árum. Mál út af brotum gegn samþykkt þessari skulu sæta málsmeðferð sem boðin er í lögum nr. 88/2008 um meðferð sakamála.

19.gr.

Lagaheimild

Samþykkt þessi er sett með heimild í 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, 24. gr. laga nr. 55/2013, reglugerðar nr. 80/2016 og öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi samþykkt nr. 478/2012 um hundahald í Reykjavík með síðari breytingum.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið, X

F. h. r.

X

X

B-deild – X



Reykjavík, 15. september 2021
R21090110
2445

Forsætisnefnd

Samþykkt um hundahald í Reykjavík

Vísað er til bréfs umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 8. september 2021, varðandi drög að nýrri samþykkt um hundahald í Reykjavík. Skrifstofa borgarstjórnar hefur yfirfarið samþykktina fyrir hönd forsætisnefndar og gerir engar athugasemdir. Óskað er eftir að forsætisnefnd vísi nýrri samþykkt um hundahald til samþykktar borgarstjórnar.

Helga Björk Laxdal
skrifstofustjóri borgarstjórnar